



4. formannafundur Aftureldingar 28. sept. 2011 Súpufundur með stjórnnum allra deilda

Fundur settur kl. 18:15

Mætt frá deildum: **Handbolti:** Inga Lilja Lárusdóttir, Auður Gunnarsdóttir, Sveinbjörg Davíðsdóttir, Jón Karlsson ; **Fótbolti:** Kolbrún Þorsteinsdóttir, Friðrik Gunnarsson, Brynhildur H. Jónsdóttir, Tómas H. Richardsson, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, Þorbjörg Inga Jónsdóttir ; **Blak:** Guðrún Kristín Einarsdóttir, Finnur Ingimarsson, Sandra Kjartansdóttir, Svala Guðmundsdóttir, Hafdís Björnsdóttir, Láretta Georgsdóttir; **Frjálsar:** Hlynur Guðmundsson, Ólafur Ingi Óskarsson; **Badminton:** Stefán A. Stefánsson, Dagný Kristinsdóttir; **Fimleikar:** Eva Magnúsdóttir, Brynja Jónsdóttir ; **Taekwondo:** Ellen Rut Ingimundardóttir, Richard Már Jónsson, Ágúst Örn Guðmundsson, Hildur Margrétardóttir ; **Karate:** Andrea M. Jónsdóttir; **Karfa:** Svala Ingvarsdóttir, Bjarni Tómasson ; **Sund:** Hildur Karen Sigurbjörnsdóttir, Jónína Jónsdóttir.

Mætt frá aðalstjórn UMFA: Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Anna Sigríður Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir Hekla Klemenzdóttir og Helga Jóhannesdóttir. Ásmundur Pálsson hafði boðað forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Staðan á samningamálum við bæinn og aðstöðumál
 2. Nóri innheimtukerfi.
 3. Æfingagjöld og innheimta og afslættir.
 4. Uppskeruhátíð.
- SÚPA**, matreidd af Jóni Pálssyni fyrrv. formanni og sérlegum súpugerðarmanni Aftureldingar.
5. Kynning á þjónandi forystu. Fyrirlesari Sigrún Gunnarsdóttir
 6. Siðareglur.
 7. Upplýsingavefur
 8. Framtíðarnámsefni

1. Staðan í samningamálum við bæinn og aðstöðumál.

Formaður, Sævar Kristinsson byrjaði að ræða um aðstöðumál félagsins. Kom fram í máli hans að á sama tíma og íbúum Mosfellsbæjar hefur fjölgað um 50% frá 2000 og börnum sem iðka íþróttir hjá Aftureldingu fjölgað um 500, úr 1000 í 1500, hafa íþróttamannvirki ekki stækkað. Sagði frá hugmyndum og vinnu við að útvega annað hús sem hýsa á fimleika og bardagadeildir. Tveir möguleikar í athugun Sigurplasthúsið annars vegar og hins vegar hús á Reykjalandi. Búið að sækja um styrk til bæjarins, 16 milljónir á ári í 10 ár til að leigja og ráða umsjónarmann. Málið hefur verið kynnt í

Íþrótt- og tómstundanefnd sem tók mjög vel í málið en bæjaryfirvöld vilja ekki segja af eða á en beiðnin verður tekin fyrir í samhengi við fjárhagsáætlunargerð.

Formaður upplýsti að aðalstjórn hafi boðið fulltrúum í bæjarstjórn á fund á morgun, fimmtudag 29. september í aðstöðu félagsins að Varmá þar sem ætlunin er að fræða kjörna fulltrúa um málefni og mikilvægi Aftureldingar í bæjarfélaginu og hvaða áhrif aðstöðuleysið hefur á félagið. Einnig var upplýst að formaður ásamt framkvæmdastjóra muni funda í hádegi á morgun með Birni Þ. Þórðarsyni, framkvæmdastjóra fræðslusviðs þar sem farið verður nákvæmlega yfir kostnaðaráætlun félagsins varðandi nýtt húsnæði. Formaður lýsti því að hann væri bjartsýnn á að Afturelding fengi góða úrlausn sinna mála þegar upp verður staðið.

Spurt var um kostnað við að koma húsi í stand. Sævar skýrði út að annar húsnæðiskosturinn, Sigurplasthúsið, fæli í sér að Afturelding þyrfti að leggja fram mikla vinnu við að gera húsið hæft til notkunar en hvað varðar hitt húsið, á Reykjalundi, þá yrði það lagað að þörfum félagsins þannig að það yrði flutt inn í það fullbúið til notkunar. Verkfræðingur á tæknisviði bæjarins er að skoða hagkvæmi hvors kosts um sig. Form. fimleikadeildar nefndi að deildin hafi lofað vinnuframlagi við Sigurplasthúsið verði það fyrir valinu.

Formaður braut upp sitt innlegg með því að fá fundarmenn til að kynna sig.

Formaður tók aftur til máls og sagði frá stöðu mála varðandi rekstur félagsins. Framlagið er lækkað um 2 milljónir frá fyrra ári sem má túlka sem varnarsigur því upphaflega átti að lækka það um 4 milljónir. Fyrirmyndarfélagsstyrkir hafa lækkað í fyrirliggjandi samningsdrögum. Sævar nefnir t.d. að félagið hugsi sér að fara út í að efla fjárhaginn með því að taka upp félagsgjöld eins og flest félög gera. Spurt var hver staðan væri á því máli að félagið taki yfir reksturinn á íþróttamannvirkjununum. Upplýst að lítil hreyfing væri á því máli, þó er komin n.k. framkvæmdastjórn í húsið sem framkvæmdastjóri Aftureldingar eigi aðild að svo nú sé meira gagnkvæmt upplýsingaflæði. Formaður nefndi að lokum að Landsmót 50+ verði haldið í Mosfellsbæ í júní 2012 og sá atburður geti orðið mikil lyftistöng fyrir félagið, bæði peningalega og hvað varðar ímynd. Allar deildir muni þurfa að koma að þeim undirbúningi.

2. Nóri, skráningar- og innheimtukerfi

Framkvæmdastjóri kynnti nýtt innheimtukerfi, Nóra, sem verið er að innleiða hjá deildunum einni af annarri. Brynja Jónsdóttir í stjórn fimleika sýndi kerfið og lýsti reynslu sinni af kerfinu sem hún segir mjög góða. Þegar kerfið verður að fullu innleitt hjá félaginu verður um mikinn vinnusparnað að ræða en foreldrar munu sjálfir skrá börn sín og ganga frá greiðslum inni í kerfinu.

3. Æfingajöld, innheimta og afslættir.

Umræða frá síðasta formannafundi rifjuð upp um afslætti og samræmingu ýmis konar. Vinna við málið er ekki komin í farveg. Gjaldkeri aðalstjórnar lagði til að gjaldkerar deilda ásamt bókara félagsins stofni starfshóp sem fjalli um endurskoðun afsláttu, systkina og fjölgreina, endurgreiðslur ef börn hætta, greiðslur til dómara, sameiginlega samninga um þjónustu, t.d. sjúkráþjálfun, sameiginlegt samræmt form fyrir rekstraráætlun. Nokkrar umræður urðu um málið og var fundurinn samþykktur því að mynda hóp um ofangreind atriði og mun gjaldkeri aðalstjórnar boða fyrsta fundinn. Hópurinn mun síðan skila tillögum til formannafundar til ákvörðunar.

4. Uppskeruhátíð

Verður 8. okt. Óskað eftir fulltrúum frá öllum deildum til að taka þátt í undirbúningi hátíðarinnar þar sem þetta er hátíð allra deilda félagsins. Tilkynt var um breytt fyrirkomulag verðlaunaveitinga sbr. umræður á síðasta formannafundi. Ekki verða veittir bikarar heldur heiðurspeningar. Lækkar kostnaðinn úr 500 þúsundum króna í 130 þúsund. Einnig lagt til að íþróttafólkið fái Dagrenning að gjöf. Íþróttafólk deilda fá bikar eftir sem áður. Tíminn núna var skammur en það verður skoðað betur fyrir næsta ár að fá gerða verðlaunapeninga erlendis sem eru veglegri og ódýrari. Umræður urðu um málið og bent á að þetta væri mjög stórt skref en lang flestir fundarmanna voru mjög sáttir við breytinguna.

5. Þjónandi forysta – gestafyrirlesari Sigrún Gunnarsdóttir

Sigrún kynnti hugmyndafræði þjónandi forystu og tengdi þá hugmyndafræði við starfsemi íþróttafélaga. Var gerður góður rómur að erindi hennar. Sigrún benti á nánari upplýsingar á vef samtakanna thjonandiforysta.is og enn fremur á ráðstefnu sem haldin verður 14. október.

6. Siðareglur

Siðareglum var dreift og stjórnarmenn hvattir til að koma reglunum til allra stjórnarmanna og þjálfara. Siðanefnd var kynnt og sagt frá því að fyrsta verk hennar yrði að endurskoða reglugerðina um nefndina, t.d. þarf að breyta ákvæðum um skipan nefndarinnar eins og samþykkt hefur verið á formannafundi.

7. Upplýsingavefur

Ritari kynnti vinnuna sem nú þegar hefur farið fram við nýjan vef og sýndi hann. Deildir hvattar til að ljúka innsetningu grunnupplýsinga sem óskað hefur verið eftir. Minnti á að allar deildir þurfa að útbúa myndamöppur á Picasa svæði Aftureldingar til að hægt sé að ná í myndir fyrir vefinn. Stefnt er að því að opna vefinn á uppskeruhátíðinni.

8. Framtíðarnámsefni

Eins og rætt hafði verið á fyrri formannafundum þá vill Afturelding innleiða Framtíðarnámsefnið eftir Viðar Halldórsson og mun hann koma og halda fyrirlestur fyrir allar stjórnir, þjálfara og foreldra þann 10. október. Tvær deildir buðust til að ríða á vaðið og byrja að nota námsefnið innan sinna deilda, badminton og fimleikar. Lögð

var áhersla á að þetta þýddi talsverða vinnu og að brýnt væri að stjórnirnar hefðu þjálfarana með sér frá fyrstu stundu. Nauðsynlegt er að sem allra flestir þjálfarar hjá félaginu mæti á upphafsfundinn hjá Viðari.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari aðalstjórnar